

Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla fimmtudaginn 2. desember 2010 kl. 14.30

Fundinn sátu: Daníela Rún Pálsdóttir og Vésteinn Pétursson fulltrúar nemenda, fulltrúar foreldra. Margrét Harðardóttir skólastjóri, Bergljót Vilhjálmsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir og Lilja Karlsdóttir fulltrúar kennara, Sigríður Kragh fulltrúi annarra starfsmanna. Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúar foreldra, Anna Linda Bjarnadóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Skólaþing Hofstaðaskóla- Skólastefna Garðabæjar. Skólastjóri gerði grein fyrir framkvæmd Skólaþings, annars vegar með starfsmönnum og hins vegar með foreldrum og nemendum. Hún gerði einnig grein fyrir framhaldi vinnunnar með þau 14 markmið sem valin voru á Skólaþingunum og dreifði gögnum. Skólaráð fór síðan yfir markmiðin og niðurstöður könnunar. Farið var yfir þau atriði sem bæði foreldrar og starfsmenn velja til þess að forgangsraða þeim og velja þau sem setja á á oddinn. Miklar umræður sköpuðust og greinilegt að ræða þarf um hvert og eitt markmið. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar. Fulltrúar foreldra telja að margt af því sem kemur illa út hjá foreldrum sé vegna þess að fólk viti ekki betur og hafi ekki kynnt sér málin nægileg vel. Hafi kannski aldrei þurft á neinu að halda. Rætt um það hvort þurfi að halda námskeið með foreldrum í 1. bekk um það hvað það þýði að vera „skólaforeldri“ þannig að foreldrar séu betur upplýstir um skólastarfið. Ákveðið að halda annan fund í janúar og taka markmiðin upp aftur.

2. Fundargerð nemendafélagsins. Skólastjóri kynnti fundargerð fyrsta stjórnarfundar nemendafélagsins og ítrekaði nokkur atriði sem þar komu fram.

3. Erindi frá nemendum. Nemendum þykir mjög miður að fá ekki tækifæri til þess að taka þátt í starfi skólakórs. Nemendur hinna grunnskólanna eiga kost á því en ekki hér. Skólaráð tekur undir þetta og vill leita alla leiða til þess að geta boðið upp á kór ásamt öðru klúbbastarfi. Skólinn styður erindið.

Umræðu um ýmsar skýrslur frestað

Fundi slitið kl. 15:50.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir